

Mál nr. 335/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 18. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 9. október 2022 hafi sonur M kastað fjarstýringu af leikjatölvu fast í sófa með þeim afleiðingum að fjarstýringin skoppaði af sófanum og í sjónvarp með þeim afleiðingum að það brotnaði. M gerði kröfu um bætur vegna tjónsins úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Með tölvupósti dags. 11. október 2022 hafnaði V bótaskyldu þar sem tjónið falli ekki undir skilmála tryggingarinnar. Vísar V til 6. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að tryggingin tekur til tjóns á innbúi sem á rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. M er ekki sammála niðurstöðu V og telur að tjónið sé bótaskyldt úr innbúskaskótryggingunni. Atburðurinn hafi bæði verið skyndilegur og ófyrirsjáanlegur. Fjarstýringin hafi skoppað úr sófanum á sjónvarpið. Henni hafi ekki verið kastað í átt að sjónvarpinu. Vísar M til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 94/2011 og 259/2013 máli sínu til stuðnings.

V telur að tjónsatvikið eins og því hefur verið lýst í tjonstilkynningu og í málskoti, geti ekki fallið undir skilmála innbúskaskótryggingarinnar. Það sé bersýnileg tjónsáhætta fólgin í því að kasta fjarstýringu með þannig afli að hún kastast af sófa og utan í sjónvarp sem staðsett var um það bil 1,5 til 2 metra frá sófanum. Sonur M hafi verið ný ára gamall þegar tjónsatvikið átti sér stað og hafði því aldur og þroska til þess að skilja mögulegar afleiðingar af framangreindri háttsemi. Sú háttsemi og atvikalýsing getur ekki talist fela í sér ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik. Hafnar V því að þeir úrskurðir sem M vísar í máli sínu til stuðnings, eigi eitthvað skylt við þá háttsemi sem til umfjöllunar er í þessu máli.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns á sjónvarpi sem skemmdist við það að fjarstýring leikjatölvu skoppaði af sófa eftir að sonur M kastaði henni þangað. Samkvæmt skilmálum innbúskaskó sem er valkvæður hluti fjölskyldutryggingar M hjá V, tekur vátryggingin til tjóns á innbúi sem rætur á að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Að mati nefndarinnar er hér um að ræða skyndilegt og ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik þ.e. að fjarstýringin skoppi af sófanum og á sjónvarpið. Ekki var til staðar ásetningur um að kasta fjarstýringunni í sjónvarpið, heldur verður ákveðið frávík frá atburðarásinni sem leiðir til tjónsins. Með hliðsjón af þessu á M rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir